

REYNISVATNSVEGUR AUSTAN BISKUPSGÖTU

Ákvörðun um mats skyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Reynisvatnsvegar austan Biskupsgötu sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Reykjavíkurborg og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun, samráð og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. október 2007.

12. september 2007

INNGANGUR

Þann 21. júní 2007 tilkynnti Reykjavíkurborg lagningu Reynisvatnsvegar austan Biskupsgötu til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Skógræktar ríkisins, Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá Reykjavíkurborg með bréfi dags. 9. júlí 2007, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 27. júní 2007, Skógrækt ríkisins með bréfi dags. 13. júlí og 11. september 2007, Umhverfissviði Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 5. júlí 2007 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 2. júlí 2007. Frekari upplýsingar bárust frá VGK – Hönnun fyrir hönd Reykjavíkurborgar með bréfi dags. 2. ágúst, 28. ágúst og tölvupósti 5. september 2007.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að áformuð sé lagning Reynisvatnsvegar frá hringtorgi austan Biskupsgötu um Reynisvatnsheiði að fyrirhugaðri tengibraut vestan Langavatns. Áætluð lengd þessa áfanga Reynisvatnsvegar sé um 1.500 m. Vegurinn verði byggður sem tengibraut með vegbreidd 7,5 m. Gert sé ráð fyrir einni akrein í hvora átt með bundnu slitlagi og skiltaðan umferðarhraða 60 km/klst. Engin gatnamót séu fyrirhuguð á veginum, en ráðgert að heimkeyrslur að sumarhúsum á svæðinu muni tengjast honum. Áætlað framkvæmdasvæði sé 10 – 15 m frá miðlínu vegarins og áætluð efnisþörf sé um 25.000 m³. Gerð verði krafa um að fyllingarefni verði sótt í námur í rekstri með gildandi starfsleyfi á höfuðborgarsvæðinu eða í nágrenni þess. Áætlað magn uppúrtektar sé um 60.000 m³. Það efni muni að hluta nýtast við framkvæmdina sjálfa, annað efni megi nýta við gatnagerð og landmótun í fyrirhuguðu hverfi við Reynisvatnsás. Umframefni verði flutt á jarðvegstípp á Hólmsheiði. Í framlögðum gögnum er greint frá að ræsi verði sett undir veginn þar sem hætta sé á uppsöfnun vatns. Við steypa kantsteina á Reynisvatnsvegi, á um 450 m kafla frá hringtorgi við Biskupsgötu upp brekku upp á Reynisvatnsheiði verði sett niðurföll. Lagnir frá þeim muni tengjast ofanvatnskerfi sem fleyti ofanvatni í settjarnir, þar sem mengunarefni ýmist botnfalli eða brotni niður áður en vatnið renni í Úlfarsá. Ofanvatn frá austurhluta vegarins, muni hins vegar renna út af veginum til beggja handa. Fram kemur að vegurinn verði hannaður með sérstakri áherslu á umferðaröryggi. Á tveimur stöðum verði gert ráð fyrir undirgöngum fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur. Gert sé ráð fyrir að öryggisgirðing verði sett á brún klapparskeringar til að tryggja öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda. Frágangi í verklok verði hagað þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi.

Tilgangur framkvæmdarinnar er að sögn framkvæmdaraðila m.a að bæta aðgengi almennings að útivistarsvæðum á Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði. Til að byrja með muni Reynisvatnsvegur nýtast sem akstursleið að núverandi jarðvegstípp á Hólmsheiðinni og stytta þannig verulega akstursvegaleidir þungaflutningsbíla frá nýbyggingarsvæðum í Úlfarsárdal.

Áhrif á núverandi landnotkun. Fram kemur að umrætt framkvæmdasvæði sé skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024.

Svæðið sé jafnframt í heild sinni innan græna trefilsins. Græni trefillinn sé samfelld skógræktar- og útivistarsvæði þar sem lögð sé áhersla á að svæðið samanstandi af fjölbreyttu náttúruferi þar sem fléttast saman skógrækt og ósnortin náttúruleg svæði. Ekki sé gert ráð fyrir byggð innan Græna trefilsins en þó megi gera ráð fyrir mannvirkjum er tengist almennri frístundaiðju og útivist á svæðinu ásamt tengibrautum um svæðið. Framkvæmdin muni einnig bæta aðgengi almennings að útivistarsvæðum á Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði. Einhver tímabundin áhrif séu óhjákvæmileg á meðan á framkvæmdum standi.

Áhrif á hljóðvist. Fram kemur að fyrirhuguð framkvæmd komi til með að auka hljóðstig á nálægum svæðum en samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum sé framkvæmdin talin hafa óveruleg áhrif á hljóðvist.

Áhrif á landslag. Fram kemur að fyrirhuguð vegaf framkvæmd liggja um nokkuð raskað land og að mati framkvæmdaraðila sé breyting á ásýnd svæðisins að mestu leyti óveruleg. Helstu breytingar á ásýnd verði þar sem Reynisvatnsvegur fari í skeringu upp bratta brekku, þar teljist breyting á ásýnd talsverð, að mati framkvæmdaraðila.

Áhrif á gróður og fugla. Fram kemur að fyrirhuguð veglína komi til með að raska skógræktarsvæði sem Reykjavíkurborg hafi staðið fyrir á Reynisvatnsheiði um árabil. Á Reynisvatnsheiði sé aðallega að finna birki, lerki, furu og einstaka greni. Heildarflatarmál skógræktarsvæðis sem kunni að verða rutt vegna framkvæmda verði um 12.000 m² en á svæðinu séu um 4.200 plöntur sem að meðaltali séu um 70 sm og 10-15 ára gamlar Veglínur hafi verið breytt lítillega á 300 m kafla frá tilkynntri veglínu, þannig að hún skeri ekki skógræktarsvæðið og raski lægri trjám en upphafleg lega hefði gert. Fram kemur að Náttúrufræðistofnun Íslands telji að fyrirhuguð vegaf framkvæmd muni ekki skaða gróður og fuglalíf á svæðinu. Unnið verði í samráði við Umhverfissvið Reykjavíkurborgar og Skógrækt ríkisins þegar framkvæmdir hefjist.

Áhrif á menningarminjar. Fram kemur að Minjasafn Reykjavíkur hafi skráð fornleifar við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði sé skráð ein fornleif og flokkist hún til samgönguminja. Um sé að ræða gamlan veg sem legið hafi frá bæjarstæði Reynisvatns yfir í Miðdal. Fyrirhuguð vegaf framkvæmd muni þvera gamla veginn einu sinni. Ekki sé vitað um fleiri fornminjar á áhrifasvæði framkvæmdarinnar.

Samræmi við skipulagsáætlanir. Fram kemur að á svæðinu sé í gildi Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 – 2024. Fyrirhugaðar framkvæmdir við Reynisvatnsveg séu í samræmi við þá stefnu sem kemur fram í Aðalskipulagsáætluninni. Einnig sé unnið að deiliskipulagi vegna aðkomu og frágangs jarðvegsfyllinga á Hólmsheiði. Þar sé lega Reynisvatnsvegur í samræmi við þá legu sem hér sé lögð til.

Framkvæmdaraðili telur að neikvæð áhrif af fyrirhuguðum framkvæmdum séu óveruleg. Fyrirhugað vegstæði fyrirhugaðrar tengibrautar um Reynisvatnsheiði liggja um nokkuð raskað svæði. Helstu neikvæðu áhrifin á umhverfið felist í röskun á skógræktarsvæði upp á Reynisvatnsheiði og auknum umferðarhávaða á heiðinni.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Almennt. Í umsögnum Reykjavíkurborgar með tilvísun til umsagnar Umhverfissviðs Reykjavíkurborgar, Fornleifaverndar ríkisins, Skógrækar ríkisins og Umhverfisstofnunar kemur fram það álit að umrædd framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Skógrækt ríkisins telur að helstu áhrif framkvæmdar verði á skógræktarsvæði og ítrekar mikilvægi mótvægisáðgerða af hálfu framkvæmdaraðila. Umhverfisstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdar felist í breyttri ásýnd sem draga megi úr með því að hlífa trjágróðri við raski.

Áhrif á núverandi landnotkun, skógrækt og útivist. Umhverfisstofnun bendir á að þar sem Reynisvatnsvegur liggja um útivistarsvæði ætti að takmarka jarðrask utan fláafóta vegar og skilgreina framkvæmdasvæði eins þröngt og hægt sé. Umhverfisstofnun beinir þeirri spurningu til framkvæmdaraðila hvort umfang vegarins sé ekki full mikið miðað við staðsetningu hans. Með breyttu verklagi mætti draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á gróður og ásýnd vegarins að falla betur að útivist og skógrækt. Framkvæmdaraðili svarar því til að við hönnun vegarins verði leitast við að fella hann sem best að landi. Þó verði ekki komist hjá miklum skeringum upp á Reynisvatnsás, þar verði framkvæmdasvæði að hámarki 10 – 15 m frá miðlínu, en annars staðar verði svæðið mjórra. Þá sé vegurinn skilgreindur sem tengibraut samkvæmt aðalskipulagi Reykjavíkur og hannaður m.t.t þess. Eftir því sem aðstæður leyfi verði plantað trjám meðfram vegstæðinu, en lággróðri næst vegi.

Skógrækt ríkisins bendir á að samkvæmt 6. gr. laga um skógrækt megi ekki eyða skógi nema með samþykki skógræktarstjóra og þá því aðeins að grætt sé upp að nýju jafnstórt svæði. Framkvæmdaraðili bendir á að til standi að gróðursetja um 500.000 plöntur á næstu þremur árum, sem séu að hluta mótvægisáðgerðir. Þá hafi með tilfærslu á veglínu verið komist hjá því að fara í gegnum skógarrjóður þar sem tré séu yfir 2 m á hæð.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemdir við að nýr vegur muni þvera eldri veg sem skráður hafi verið sem fornleifar.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu Reynisvatnsvegar austan Biskupsgötu. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 c í 2. viðauka laganna.

Áhrif á hljóðvist. Fyrir liggur að framkvæmdin mun auka hljóðstig á nálægum svæðum. Samkvæmt fyrirliggjandi gögnum framkvæmdaraðila mun hljóðstig á Reynisvatnsheiði og við nærliggjandi íbúðarhverfi við Reynisvatnsás verða undir viðmiðunarmörkum reglugerðar nr. 933/199 um hávaða. Að því gefnu telur Skipulagsstofnun að áhrif á hljóðvist vegna framkvæmdar séu óveruleg.

Áhrif á landnotkun, skógrækt og útivist. Fyrirhugaður vegur liggur innan svokallaðs Græns trefils og er lega hans í samræmi við gildandi Aðalskipulag Reykjavíkur 2001 – 2024. Fram kemur að innan Græna trefilsins megi gera ráð fyrir tengibrautum. Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin samræmist markmiðum gildandi skipulagsáætlana. En í ljósi tilgangs framkvæmdarinnar, þ.e að bæta aðgengi almennings að útivistarsvæðum

á Reynisvatnsheiði og Hólmsheiði telur Skipulagsstofnun mikilvægt að þess verði gætt framkvæmdin sjálf dragi ekki úr útivistargildi svæðisins og nærliggjandi svæða. Skipulagsstofnun tekur undir ábendingar Umhverfisstofnunar og Skógræktar ríkisins um að við framkvæmd verði sýnd aðgæsla á skógræktarsvæðinu. Skipulagsstofnun telur að með tilfærslu veglínu frá upphaflegri línu hafi verið dregið úr neikvæðum áhrifum framkvæmdarinnar á skógræktarsvæðið. Með það í huga og að því gefnu að samráð verði haft við Umhverfisstofnun og Skógrækt ríkisins þegar framkvæmdir hefjast, eins og fram kemur í tilkynningu framkvæmdaraðila, telur Skipulagsstofnun að áhrif framkvæmdarinnar á skógræktarsvæðið séu ekki veruleg.

Áhrif á gróðurfar og fuglalíf. Auk áhrifa framkvæmdar á plöntur í skógrækt mun veglínan að hluta til liggja um mólendi og misgróið land vaxið íslenskum lággróðri, sem víkja mun vegna framkvæmda. Þar sem ekki munu raskast sjaldgæf gróðurfélög eða fágætar plöntutegundir, né skaðast fuglalíf á svæðinu telur Skipulagsstofnun áhrif framkvæmdarinnar á gróður og fuglalíf óveruleg. Skipulagsstofnun beinir þeim tilmælum til framkvæmdaraðila að hann sýni íslenskum lággróðri sömu aðgát og viðhöfð verði vegna skógræktar.

Áhrif á landslag. Ljóst er að framkvæmdin mun hafa tímabundið rask í för með sér, sem mun hafa neikvæð áhrif á ásýnd svæðisins. Þau áhrif ættu að minnka þegar gengið hefur verið frá vegstæði þannig það falli vel að landslagi og ítrekar Skipulagsstofnun viðeigandi frágang framkvæmdasvæðis.

Áhrif á menningarminjar Skipulagsstofnun telur að áhrif framkvæmdanna á fornleifar séu ekki líkleg til að verða verulega neikvæð að því tilskyldu að farið verði að ábendingum sem fram koma í umsögn Fornleifaverndar ríkisins.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Reykjavíkurborgar við tilkynningu, umsagnir og viðbrögð Reykjavíkurborgar vegna þeirra. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning Reynisvatnsvegar, austan Biskupsgötu, Reykjavík sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun vekur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Reykjavíkurborg og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun, samráð og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins þannig að framkvæmdin sé ekki líkleg til að valda verulegum og óafturkræfum áhrifum á umhverfið.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 15. október 2007.

